



28. apríl 2021
Tilv.: 2104087

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á vátryggingamarkaði og bankamarkaði, 689. mál.

Með tölvupósti, dags. 15. apríl sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á vátryggingamarkaði og bankamarkaði, 689. mál, lagt fram á 151. löggjafarþingi.


Seðlabankinn styður framgang frumvarpsins og hefur ekki athugasemdir við það en telur tilefni til að koma á framfæri tillögu um að bætt verði við frumvarpið breytingu á seinni málslíð 4. mgr. 69. gr. laga nr. 100/2016, um vátryggingastarfsemi.


Núverandi orðalag 4. mgr. 69. gr. laganna er of víðtækt að mati Seðlabankans, að teknu tilliti til markmiðs greinarinnar eins og henni er lýst í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til laga nr. 36/2018. Ákvæðið byggir á h. lið 1. mgr. 71. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 en ólíkt því sem fram kemur í þeirri grein undanskilur fyrrgreint ákvæði laga nr. 100/2016 ekki umframtekjur sem ekki eru taldar sem vátrygginga- og endurtryggingaskuldir í samræmi við 2. mgr. 91. gr. tilskipunar 2009/138/EB (Solvency II) og afstemmingarvarasjóði, sbr. a. lið 1. mgr. 69. gr. reglugerðarinnar. Því leggur Seðlabankinn til að seinni málslíður 4. mgr. 69. gr., verði svohljóðandi:

„Fjármálaeftirlitið skal samþykja fyrir fram ákvarðanir um endurgreiðslu eða innlausn gjaldþolsliða vátryggingafélags, þ.m.t. endurkaupaáætlanir á eigin hlutabréfum en að undanskildu umframtekjur sem ekki eru taldar sem vátrygginga- og endurtryggingaskuldir og afstemmingarvarasjóði.“

Seðlabankinn leggur jafnframt til að fram komi í breytingartillögum nefndarinnar að ákvæðið byggi á, eða sé í samræmi við, h. lið 1. mgr. 71. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri
skrifstofu bankastjóra


Rúnar Guðmundsson
framkvæmdastjóri
lífeyris og vátrygginga